
Aldarafmælis Ásgríms Jónssonar minnst á veglegan hátt



Í tilefni aldarafmælis Ásgríms Jónssonar, listmálara, 4. mars, verður opnuð yfirlitssýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum n.k. laugardag. Reykjavíkurborg stendur fyrir þessari sýningu í samvinnu við Ásgrímssafn.



Birgir Ísleifur Gunnarsson, borgarstjóri, segir m.a. í sýningarskrá: „Ásgrímur Jónsson var brautryðjandi í íslenskri myndlist. Hann var að vísu ekki fyrsti íslenski myndlistarmaðurinn, en hann flutti með sér ferskan andblæ og lífsþrótt í íslenskt myndlistarlíf. Með verkum sínum þroskaði hann þekkingu landsmanna á myndlist, og yngri mönnum varð hann fyrirmynd og aflgjafi, en margir okkar bestu listamanna, sem á eftir honum komu, nutu leiðsagnar hans, áður en þeir héldu utan til náms."

Á sýningunni eru eingöngu verk úr Ásgrímssafni, og er meginþorri þeirra dánargjöf listamannsins til þjóðarinnar. Þetta mun vera stærsta sýning, sem haldin hefur verið hér á landi á verkum eins listamanns. Í báðum sölum Kjarvalsstaða, kaffistofunni og göngum eru 274 verk og mun það vera um 2/3 hlutar heildarsafnsins.


Í sýningarnefndinni, sem sá um val myndanna og uppsetningu eru listamennirnir Þorvaldur Skúlason, Guðmundur Benediktsson og Hjörleifur Sigurðsson. Auk þeirra er í nefndinni Bjarnveig Bjarnadóttir, safnvörður Ásgrímssafns. Bjarnveig er frænka listamannsins og hefur hún haft umsjón með safninu frá því að Ásgrímur lést árið 1958.

Hjörleifur Sigurðsson sagði blaðamanni Vísis, að sýningarnefndin hefði valið þann kostinn að skipa myndunum eftir mótífum. Þannig skiptist sýningin í nokkrar deildir og eru myndir frá Húsafelli saman í einni deild, í annarri eru eldgosamyndir, þá er Þingvalladeild, Þjóðsagnadeild, myndir frá gömlu Reykjavík, svo nokkuð sé nefnt. Eru olíumálverk og vatnslitamyndir hlið við hlið og ber ekki á öðru en að það fari vel, þótt það sé heldur óvanalegt.

Bjarnveig Bjarnadóttir sagði, að Ásgrímur hefði málað mikið gömlu Reykjavík, meðan þar ríkti ró og friður. Hins vegar hefði hann lítið gert af því hin síðari ár og þá helst útsýnið út um gluggann sinn á Bergstaðastrætinu. Að sögn Bjarnveigar eru á þessari sýningu um 120 myndir úr vinnubókum og möppum listamsnnsins og hefðu þær ekki verið sýndar áður.

Ásgrímur Jónsson var mikill unnandi sígildrar tónlistar og átti hann gott plötusafn. Mest dálæti hafði hann á verkum Mozarts og mun borgin gangast fyrir tveim Mozart-tónleikum að Kjarvalsstöðum á meðan á sýningunni stendur.

Sýningin verður opnuð að viðstöddum boðsgestum kl. 3 á laugardaginn og verður hún öllum opin kl. 5. Er ætlunin að sýningin standi í nokkrar vikur.



Elsta mynd, sem til er eftir Ásgrím Jónsson. Þessi mynd var safninu gefin nýlega og mun listamaðurinn hafa málað hana eftir hugmynd 14 ára gamall.



Hér er svo síðasta mynd Ásgríms. Þetta er þjóðsagnamynd, teiknuð með bleki og blýanti og vann listamaðurinn að henni 4 dögum áður en hann dó.



HAFNARFJÖRÐUR OG KEFLAVÍK sameinast í söng

Karlakór Keflavíkur og Karlakórinn Þrestir í Hafnarfirði efna til óvenju fjölbreyttra tónleika um helgina. Verða þeir haldnir í Bæjarbíói, Hafnarfirði, í kvöld 5. mars og í Félagsbíói, Keflavík á morgun, laugardag

Auk framangreindra kóra, og sameiginlega, munu koma sem syngja bæði sitt í hvoru lagi fram blandaður kór frá Hafnarfirði, tvöfaldur kvartett frá Keflavík og einsöngvararnir Inga María Eyjólfsdóttir, Hafnarfirði og Haukur Þórðarson, Keflav syngja einsöng og tvísöng.

Stjórnendur kóranna eru Gróa Hreinsdóttir og Eirikur Sigtryggsson og undirleikarar eru m.a. Agnes Löve, Gróa Hreinsdóttir og Ingvi Steinn Sigtryggsson.